



Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík
sent á samráðsgátt

Reykjavík, 11. apríl 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna tilfærslu fasteignaskrár frá Þjóðskrár Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (Fasteignaskrá)

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 1. apríl. Með frumvarpinu er ráðgert að í stað Þjóðskrár Íslands verði Húsnæðis- og mannvirkjastofnun falin verkefni sem varða skráningu og mat fasteigna. Stofnunin annast nú þegar fjölmörg verkefni er varða fasteignir og mannvirki, svo sem umsýslu mannvirkjaskrár, brunavarnir og eftirlit með byggingafulltrúum. Jafnframt heldur stofnunin utan um rafræna byggingargátt. Frá því að stofnunin var sett á laggirnar með lögum nr. 137/2019 hafa verkefni málaflokksins að mati SA verið í góðum farvegi. Það er hins vegar óumdeilanlegt að mikið hagræði fælist í því að öll mál er varða fasteignir væru hýst hjá sömu stofnun. Með því væri þjónusta hins opinbera á sviði húsnæðismála einfölduð og samræmd og yfirsýn yfir húsnæðismarkað eykst.

SA styðja því eindregið að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir